

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Grindavíkurbæ.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi heilsu- og ferðaþjónustu við Bláa lónið.

Innviðanefnd Grindavíkurbæjar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi heilsu- og ferðaþjónustu við Bláa lónið, á fundi 23. apríl 2025. Breytingin felur í sér tilfærslu byggingarheimilda af lóðum Norðurljósavegar 9a og 11, yfir á lóð 9. Þá stækkar núverandi byggingarreitur til norðurs og nýr byggingarreitur verður útbúinn á bílastæði. Auk þessa eru skipulagsmörkin útvíkkuð eilítið til norðurs fyrir aðkomu að bílastæði. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Grindavík, 30. maí 2025.

Elísabet Bjarnadóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 2. júní 2025